



Kolviður staðfestir með skjali þessu að
Sýslumaðurinn á Vesturlandi 2021

hefur kolefnisjafnað losun á
koltvísýringi (CO₂) sem nemur

4.7
tonni CO₂.

Verða gróðursett

47
tré í því skyni.

Reynir Kristinsson
Stjórnarformaður

Grænu skref Sýslumannsins á Vesturlandi 2021

Skráning Sýslumannsins á Vesturlandi (SMV) í Grænu skrefin átti sér stað árið 2020 en fyrsta skrefinu var ekki náð fyrr en í mars 2021. Þrátt fyrir einhverjar hagræðingar gekk starfið að mestu leyti vel fyrir sig og lokaskrefinu var náð í mars 2022. Í framhaldi af því var sett upp umhverfisstjórnunarkerfi hjá SMV fyrir ókomna framtíð.

Heildarniðurstöður hjá SMV

Á árinu 2021 var heildarlosun Sýslumannsins á Vesturlandi á gróðurhúsalofttegundum (GHL) 3,44 tonn. Þetta var kolefnisjafnað hjá Kolviði (4,7 tonn – það var einhver villa í reiknivélinni þeirra). Losunin er reiknuð í þremur hlutum – akstri, rafmagni og úrgangi:

Tegund	2021	%
Akstur	2,48	72,09%
Rafmagn	0,41	11,92%
Úrgangur	0,55	15,99%
Tonn alls	3,44	


Þetta er töluverð bæting frá seinasta ári þar sem heildarlosunin þá var 5,47 tonn fyrir árið (kolefnisjafnað 6 tonn).

Tegund	2020	%
Akstur	3,09	56,49%
Rafmagn	0,91	16,64%
Úrgangur	1,47	26,87%
Tonn alls	5,47	



Takmark okkar sem lesa má ítarlegar um í [umhverfisstefnu Sýslumannsins á Vesturlandi](#), er að minnka losun GHG um 40% fyrir árið 2030 til að samsvara takmarki Stjórnaráðsins sem fram kemur í [loftlagsstefnu þess](#). Viðmiðunarár okkar er 2020, árið sem við höfum þáttöku í Grænum skrefum og miðað við það höfum við næstum því náð árangrinum! Á árinu 2021 minnkuðum við losun GHG um 37%. Við verðum þó að hafa í huga að vegna utanaðkomandi aðstæðna hefur samfélagið í kringum okkur verið að miklu leyti í einangrun og starfsemi ef til vill ekki eins og á árum áður. Því er varasamt að telja verkinu lokið eftir tveggja ára þáttöku. Við einsetjum okkur þó að halda áfram góðu starfi og bæta okkur þar sem hægt er.

Markmið umhverfis-og loftlagsstefnu



Markmið og árangur.

Þar sem árið 2021 var það fyrsta sem skilað var grænu bókhaldi var erfitt að gera sér í hugarlund hvernig breytingarnar á starfseminni myndu hafa áhrif á útreikninga hvað varðar losun GHL. Sum voru því örlítið háleit, og önnur ef til vill of lág.

	Markmið 2022 (Græna bókhaldið 2021)	2022 (Græna bókhaldið 2021)
Pappír	-10%	-4%
Ræstiefni	-10%	50%
Akstur	-10%	-20%
Úrgangur	-10%	-13%
Flokkun	20%	34%

Pappírnotkunin minnkaði aðeins um 4% og eru öll embætti Sýslumanna á Íslandi að reyna að bæta sig í því með aukinni rafrænni þjónustu og rafrænni skjalvörslu. Ræstiefnaukningin telur 50% sem er að einhverju misvísandi því í heildina er það hálfum lítra meira af ræstiefnum miðað við árið áður. Augljós er að ekki er verið að ræða um mikið magn þarna, en alltaf má hafa í huga að bæta sig. Aðra sögu er að segja um akstur, úrgang og flokkun þar sem við bætum okkur töluvert meira en við ætluðum okkur og vonin er sú að við höldum stöðunni að ári, eða bætum okkur.


	2023	2022 (Græna bókhaldið 2021)
Rafmagn	-27%	-55%
Hitaveita	-11%	-22%
Endurvinnsla	ná hlutfallinu 90%	78,50%

Metnaðurinn hefði ef til vill mátt vera meiri hvað varðar þriggja ára markmiðin, en þeim hefur að mestu leyti verið náð. Endurvinnsluhlutfall okkar er eina markmiðið sem situr eftir og ætlum við okkur því að gera betur á næstu árum.




Fyrstu skref í átt að framtíðinni



SMV er augljóslega á réttri leið hvað varðar niðurstöður úr græna bókhaldinu þessi fyrstu árin. En til að lokatakörk náist þarf að fylgjast grannt með og erfiðast er að ná seinustu prósentunum niður þegar búið er að hagræða ýmsu til. Framfarir seinustu ára í rafrænni þjónustu sýslumanna hafa gefið okkur gott forskot á grænu sæluna og við insetum okkur að halda áfram góðu verki.


Viðauki I: Sýslumaðurinn á Vesturlandi 2020-21

























Viðauki II: Sýslumannsembættin á Íslandi 2021









Heildarúrgangsmagn

Tímabil: 2021

